

## Reglugerð um keppnishald SKÍ

1. Allt keppnishald í alpagreinum, skíðagöngu og snjóbrettum skal fara fram eftir reglum Alþjóða Skíðasambandsins (FIS) nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum SKÍ.
2. Boð í mótt skulu send öllum aðildarfélögum og stjórn SKÍ bréflega samkvæmt reglum ÍSÍ. Þar skal koma fram: Upplýsingar um mótsstjórn, farastjórafund, dagskrá og verðlaunaafhendingu ásamt mögulegu æfingasvæði.
3. Mótshöldurum bera að senda „Gátlista móttshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til SKÍ eigi síður en fjórum dögum fyrir fyrsta keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til SKÍ innan tilsetts tíma er mótanefnd heimilt að flytja mótið á annan mótsstað.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað skal það tilkynnt SKÍ með viku fyrirvara og mun SKÍ þá setja mótið á varastað. Varastaðir eru allir þeir staðir sem hafa sótt um mótt á því keppnistímabili.
5. Keppendur, fararstjórar og þjálfarar skulu hafa frían aðgang að lyftum meðan mótið stendur yfir, þ.m.t., upphitun og skoðun brauta.
6. Keppendur skulu hafa aðgang að húsaskjóli á mótsstað.
7. Björgunarsveit/sjúkravakt skal vera á mótinu.
8. Verðlaunaafhending skal fara fram strax að mótinu loknu (ath. brottfarartíma flugvéla). Mælt er með að kalla upp alla verðlaunahafa samtímis til að koma í veg fyrir truflandi hlaup fram og til baka.
9. Tilkynna skal úrslit strax að móti loknu. Æskilegt er að hafa ljósmyndara á mótinu sem geta verið tilbúnir með myndir strax. Úrslitin skulu send fjölmöörum án tafar og góðar myndir vekja athygli á mótinu og íþróttinni. Skýrslur skulu sendar SKÍ í mótslok.
10. Að öðru leiti gilda móta og keppnisreglur FIS og ÍSÍ.

Samþykkt á Skíðaþingi 2013